

## 4. UMHVERFIÐ ..... SEGJUM NEI VIÐ HEIDELBERG!

Hversu margar svona námur viljum við í sveitina?



Lambafell - náma aðventista er ein af þrem í fellinu.

Vatnsskarðsnáma

Námuvinnsla við Hafnarfjörð

### Upplýsingar sem lofað var liggja ekki fyrir

Augljóst að áhrifin verða slæm: ætlunin er að flytja heilt fjall úr landi, það eru óafturkræfar breytingar og mögulega aðeins fyrsta skrefið hjá Heidelberg. Nýlegustu rannsóknir svara ekki áhyggjuefnum First Water þótt þær væru til þess gerðar<sup>1</sup> og samt ert þú sem kjósandi beðin(n) um að taka ákvörðun. Óháðir matsaðilar nýjustu rannsókna fyrir sveitarfélagið eru ekki óháðir. EFLA hefur unnið umhverfismat og -skýrslu fyrir Eden Mining og getur því ekki verið hlutlaus aðili þegar þeir rannsaka áhyggjur First Water af framkvæmdinni.

### Heidelbergverkefnið er kynnt á fölskum forsendum

Verkefnið er ekki jákvætt fyrir umhverfið. Það er grænþvottur að telja að tortíming fjalla hjálpi við loftslagsvandann – enginn íslenskur vísindamaður hefur tekið undir þessar fullyrðingar Eden og Heidelberg, fyrir utan þá sem vinna fyrir Hornstein (sem er að hluta til í eigu Heidelberg). Allir umsagnaraðilar Skipulagsstofnunar hafa gefið verkefninu neikvæða einkunn og sumir bókstaflega mótmælt því.<sup>2</sup>

### Betra að nýta námurnar fyrir íslenska starfsemi – og án þess að eyða Litla-Sandfelli með öllu


Af hverju að flýta okkur að tæma malarnámur úr landi á mettíma þegar við getum notað þær á sjálfbærari hátt í miklu lengri tíma til að byggja upp íslenskt samfélag og innviði? Það verður alltaf umhverfissvænna að nota hráefni úr nærumhverfi heldur en að flytja út fjöll.

Hópur Ölfyssinga  
aframolfus@proton.me

1 Ölfus bað um rannsóknir í kjölfar mótmæla First Water. Mörgum finnst rannsóknunum ábótavant. Einn meðlimur bæjarstjórnar lét t.d. bóka í nýlegri fundargerð: „Það er langt í land að öll gögn séu komin fram fyrir íbúakosninguna.“ Sjá fundargerð fyrir Skipulags- og umhverfisnefnd - 82, <https://www.olfus.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/display?id=YeoOFvy3mEyq5eMtuhGJlg1>.

2 Sjá allar umsagnir matsaðila Skipulagsstofnunar. Þau er hægt að finna á vefsíðu Skipulagsstofnunar (skipulag.is) með því að leita að: (1) Efnistaka í Litla-Sandfelli, (2) Mólunarverksmiðja í Þorlákshöfn, (3) Mólunvarverksmiðja og höfn við Þorlákshöfn Efnisvinnsla úr sjó við Landeyjahöfn.

## 1. UMFERÐIN ..... SEGJUM NEI VIÐ HEIDELBERG!



„Ekki er unnt að hefja stórfellda efnisflutninga úr Litla-Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar.“

-Skipulagsstofnun

### 110 ferðir malarflutningabíla milli námunnar og Þorlákshafnar á hverjum degi!

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Heidelberg munu malarflutningabílar aka 110 ferðir á dag um Þrengslaveg og Suðurstrandarveg, til og frá námunni.<sup>1</sup> Ekki er tekið fram hversu margar klst. yrði ekið daglega og því er umferðartíðnin óljós. Ef ekið verður 8 klst. á dag fara 14 trukkan um veginn á klst. eða einn á um fjögurra mínútna fresti. Ef ekið verður allan sólarhringinn fara um 5 trukkan um veginn á klst. eða einn á um 13 mínútna fresti.

Samkvæmt fyrri áformum áttu ferðirnar að vera tvöfalt fleiri eða 220 á dag (sbr. umhverfismatsskýrslu sem verkfræðistofan EFLA vann fyrir Eden Mining).<sup>2</sup> Þar var miðað við að ekið yrði frá kl. 7 til 21 alla daga ársins. Þá hefði trukkan farið um veginn á fjögurra mínútna fresti. Í umsögn Vegagerðarinnar við þessi áform Eden segir: „Miðað við fyrirhugaða umferð má vænta að umferðarslysum fjölgi um 1–2 slys á ári.“<sup>3</sup>

Eden Mining hefur efnistökukeyfi sem samsvarar meira en 220 vörubílaferðum. Sú umferðaraukning er því möguleiki ef Heidelberg ákveður að hverfa til upprunalegra áforma.

1 Mannvit, umhverfismatsskýrsla fyrir Heidelberg, desember 2023, bls. 70-71.

2 EFLA, umhverfismatsskýrsla fyrir Eden Mining, 11. ágúst 2022, bls. 54-55.

3 Vegagerðin, umsögn, 5. október 2022, bls. 3.




14 vörubílar/klst +  
núverandi umferð

Ef ekið verður 8 klst. á dag.



## 2. SAMFÉLAGIÐ ..... SEGJUM NEI VIÐ HEIDELBERG!



Nokkur af sílóum verksmiðjunnar borin saman við Hallgrímskirkju.



Dæmi um hvernig verksmiðjur Heidelbergts líta út: Sementverksmiðja fyrirtækisins í Edmonton, Kanada.

### Lítill gróði fyrir samfélagið

Staðhæfingar Heidelberg Materials um há meðallaun í verksmiðjunni eru villandi því þær styðjast við meðaltal í stað meðalgildis; ef það er mikill munur á lægstu og hæstu launum er villandi að leggja öll launin saman og deila til að fá meðallaun því það er enginn með slík meðallaun. Hafnargjöld verða engin því HM vill byggja eigin höfn. Hinn almenni bæjarbúi mun ekki græða á þessu, útsvar rennur í sjóð sveitarfélagsins og hagnaður af starfseminni mun sogast úr landi þar sem um erlent félag er að ræða.

### Miklar fórnir

Framkvæmdin mun stöðva vöxt bæjarins til vesturs sem er aðalvaxtarmöguleiki byggðarinnar í Þorlákshöfn. Starfsemin kemur í veg fyrir betri uppbyggingu og eyðileggur möguleikann fyrir hreinni fyrirtæki að koma eins og umhverfisvænan matvælaíðnað.

### Stóraukin mengun

Þessari framkvæmd mun fylgja mikil sjónmengun þar sem reistir verða allt að 18 geymslutar, hver og einn 52 m á hæð eða næstum því jafnháir og Hallgrímskirkja.<sup>2</sup>

Enn fremur mun fylgja mikil rykmengun því varla er hægt að flytja heilt fjall án þess að ryk fari út í andrúmsloftið? Um hljóðmengun af þungaflutningum og verksmiðjustarfsemi þarf ekki að fjölyrða.

### Slæmir framtíðarkostir

Starfsemin er hugsuð til 30–40 ára, hvað gerist síðan eftir það? Verður verksmiðjan skilin eftir í eyði eða verður farið í næsta fjall? Hversu mörg fell í sveitinni á að flytja úr landi fyrir erlend fyrirtæki? Það er vitað mál að mörg bæjarfélög iðrast sinna stóriðjuævintýra og má sem dæmi nefna lýsisbræðsluna þegar hún var staðsett í Þorlákshöfn sjálfri<sup>3</sup> og álverið og kísilverið í Helgúvík.<sup>4</sup>

Mun verð á fasteignum lækka þegar lífsgæði í bænum minnka og ásynd bæjarins breytist til hins verra?

## 3. HVERJIR HAGNAST? ..... SEGJUM NEI VIÐ HEIDELBERG!

Kristinn Ólafsson (eigandi Eden Mining)	Eiríkur Ingvarsson (eigandi Eden Mining)	Gavin Anthony (fyrirv. formaður KSDA)	Þorsteinn Víglundsson (talsmaður HM og forstjóri Hornsteins)	Íbúi í Ölfusi
5,3 milljarðar <sup>1</sup>		4 milljarðar <sup>1</sup>	>150 milljarðar <sup>1</sup>	???

### Heidelberg Materials

Fyrirtækið sem myndi reisa og reka verksmiðjuna er þekkt fyrir brot á mannréttindum og alþjóðalögum. storebrand, sem er stærsta eignarstýringarfyrirtæki Skandinavíu og fyrirmynd íslenskra banka þegar það kemur að fjárfestingum, er með Heidelberg Materials á bannlista vegna mannréttinda- og alþjóðalagabrota.<sup>3</sup> Heidelberg er risastórt alþjóðlegt fyrirtæki<sup>4</sup> sem myndi hafa gífurleg pólitísk itök í litlu sveitarfélagi. Má nefna að fyrirtækið reyndi að þagga niður í íslenskri ríkisstofnun (Hafró) sem gagnrýndi fyrirætlanirnar.<sup>5</sup>

Fyrirtækið er að gefa peninga til íþrótt- og félagasamtaka þó að þeir séu ekki með neina starfsemi í sveitarfélaginu og það stuttu fyrir kosningar sem skipta fyrirtækið öllu máli. Þetta lítur illa út þar sem fyrirtækið á allt undir velvilja bæjarbúa í kosningum.

Heidelberg hefur „grænþvegið“ sína stóriðju svona: það að heilt fjall (eða fjöll) hverfi er lausn á loftslagsvánni! Skipulagsstofnun og umsagnaraðilar hennar, eins og Landvernd og Umhverfisstofnun, hafa gagnrýnt þennan grænþvott harðlega.<sup>6</sup>

### Eden Mining

Heidelberg ætlar sér að sækja efni í námur aðventista í Litla-Sandfelli og Lambafelli. Fyrirtækið sem gerði samning við aðventista um námuvinnsluna heitir Eden Mining. Þeir munu síðan selja HM efnið. Á Íslandi rekur viðsemjandi námueiganda námuna fyrir hann. Það gerir Eden Mining hinsvegar ekki. Eden Mining skilgreinir sig sem „hræfnissala“.<sup>7</sup> Þeir eiga hvorki námuna né moka úr henni en græða á því að vera milliliður milli framkvæmdaraðilans (Heidelberg) og námueigandans (aðventistar).

### Kirkja sjöunda dags aðventista

Kirkja aðventista á námurnar sem eru undirstaða verkefnis Heidelbergts því úr þessum námum verður efnið sótt sem vinna á í verksmiðjunni. Hópur aðventista stendur núna í málaferlum við trúfélagið fyrir að hafa skrifað ólöglega undir samninginn sem verkefni Heidelbergts byggist á. Ef málið vinnst verður samningurinn dæmdur ólöglegur og engin verksmiðja reist. Hvers vegna er verið að kjósa um verksmiðjuna í stað þess að bíða eftir niðurstöðu dómstóla?

1 Sjá t.d. Jakob Bjarnar, „Verkefnið skapi níutíu störf og meðallaunin verði um 1,4 milljón á mánuði“, Visir.is, 23. apríl 2024, <https://www.visir.is/g/20242560935d/verkefnid-skapi-niutiu-storf-og-medallaunin-verdi-um-1-4-milljon-a-manudi>; Þorsteinn Víglundsson, „KPMG lýkur mati á efnahagslegum áhrifum af starfsemi Heidelberg Materials í Þorlákshöfn“, Hafnarfrettir.is, 30. janúar 2023, <https://hafnarfrettir.is/2023/01/30/kpmg-lykur-mati-a-efnahagslegum-ahrifum-af-starfsemi-heidelberg-materials-i-thorlakhofn/>.

2 Heidelberg Materials, umhverfismatsskýrsla, desember 2023, bls. iii, 26. Tölurnar eru nokkuð á reiki hjá Heidelberg. Grunnflötur hvers síló er 200 m<sup>2</sup> og á einum stað eru fletirnir 18 (og þá 18 síló) en annarsstaðar er talað um 10 síló.

3 „Skelfileg fýla í Þorlákshöfn“, *Bændablaðið*, 26. október 2004, bls. 4.

4 „Harmsaga Helgúvíkur“, RÚV, 14. desember 2022, <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-12-14-helguvikurbilus>.

1 Eden Mining og KSDA: skv. nýjum samningi fyrirtækisins við KSDA. Heidelberg: „Er heildarfjárfesting áætluð um 90 milljarðar króna“. <https://heidelberg.is/>. Hagnaður í áhættusömum rekstri eins og námuvinnslu þarf að vera töluvert hærrí en fjárfestingin.

2 Sem Ölfyssingur tekur þú á þig aukna umferð og mengun og verri ásynd bæjarins. Hvað færð þú sem Ölfyssingur í staðinn?

3 Sjá bannlistana („Exclusion Lists“) á vefsíðu fyrirtækisins: <https://www.storebrand.com/sam/nl/asset-management/sustainability/our-method/exclusions>

4 Sjá t.d. ofarlega í Wikipediu-greininni um fyrirtækið: [https://en.wikipedia.org/wiki/Heidelberg\\_Materials](https://en.wikipedia.org/wiki/Heidelberg_Materials).

5 „Heidelberg reyndi að beita Hafró þrýstingi fyrir opinn íbúafund í Ölfusi“, Heimildin, 24. maí 2024, <https://heimildin.is/grein/21981/>.

6 Skipulagsstofnun, álit á umhverfisskýrslu EFLU, 8. desember 2022, bls. 4-5, 8-9, 11. Sjá einnig umsagnir.

7 EFLA, umhverfismatsskýrsla fyrir Eden Mining, 11. ágúst 2022, bls. 27.